

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/936
komudagur 21. 2. 2006

Bandalag íslenskra listamanna.
c/o Margrét Bóasdóttir, ritari
Snorrabraut 71,
105 Reykjavík.

Reykjavík

20.2.2006
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Stjórn BÍL, Bandalags íslenskra listamanna, tekur undir athugasemdir stjórnanna allra aðildarféлага sinna og vill sérstaklega beina athygli höfunda frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf að því, að þar er hvorki kveðið nægilega skýrt á um menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins hf né skyldur hins nýja hlutafélags um hlutfall innlendra dagskrár í heildardagskrá sjónvarps/hljóðvarps á vegum Ríkisútvarpsins hf. Stjórn BÍL leggur áherslu á að inn í frumvarpið um Ríkisútvarpið hf verði sett skýr viðmið um að hlutfall innlendra dagskrár fari ekki undir 50% af heildardagskrá og að staðið verði við skuldbindingar um hlutfall efnis frá sjálfstæðum evrópskum framleiðendum.

Stjórn BÍL leggst ekki gegn hlutafélagsvæðingu RÚV en telur að kveða verði mun skýrar á um framtíðarhlutverk RÚV sem menningarstofnunar og almannaútvarps í þágu allrar þjóðarinnar.

Stjórn BÍL telur að skýra verði betur skyldur RÚV gagnvart innlendum kvikmyndaframleiðendum, tryggja verði samkeppnisstöðu þeirra, og búa svo um hnúta að RÚV verði flaggskip innlendra menningarlegrar dagskrárgerðar bæði fyrir sjónvarp og hljóðvarp.

Stjórn BÍL leggur megináherslu á að löggin um Ríkisútvarpið hf hafi þann tilgang að efla RÚV sem útvarp í almannapágu. Því takmarki má meðal annars ná með því að í auka verulega sýningar á innlendu sjónvarpsefni, svo sem leiknum sjónvarpsþáttum og heimildamyndum sem endurspeglu íslenskan veruleika. Þannig getur RÚV orðið öflugt menningartæki, betri samfélagspegill og eft skilning Íslendinga á eigin samfélagi og umheiminum.

Fyrir hönd stjórnar BÍL

Hávar Sigurjónsson
Bóasdóttir
stjórnarmaður

Margrét
ritari.